

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Miðhús í Gufudalshreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Samúel Zakariassyni bónda í Djúpadal í Gufudalshreppi í Austur-Barðastrandarsýslu eyðijörðina Miðhús í sama hreppi fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum, o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 16. gr. bætist tveir nýir málslíðir, svo hljóðandi:

Hreppstjóra ber þóknun fyrir að annast gerðir þessar, og skal hún vera hálfu hærri en laun votta. Skiptaráðandi ákveður laun votta og sérstakra virðingarmanna. Ferðakostnað skulu þessir aðilar fá greiddan eftir reikningi, sem skiptaráðandi úrskurðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi 4. og 6. gr. laga nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Gjört að Bessastöðum, 26. apríl 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.